

## Athugasemdir til umhverfis- og auðlindaráðuneytisins við drög að frumvarpi til laga um skóga og skógrækt

21.3.2017

Eftirfarandi eru nokkrar athugasemdir Náttúrufræðistofnunar Íslands við frumvarp til laga um skóga og skógrækt. Vegna mikilla anna og stuttan frest til athugasemda hefur ekki unnist tími til að skoða frumvarpið vandlega. Fyrirvari er því gerður við umsögnina og áskilur stofnunin sér rétt til að koma með fleiri athugasemdir á síðari stigum málsins.

Samkvæmt frumvarpinu verður eitt meginmarkmið nýrra laga að vernda og endurheimta líffræðilega fjölbreytni (sbr. b. lið 1. gr.). Í greinargerð kemur fram að verið er að vísa til samningsins um líffræðilega fjölbreytni (CBD). Í frumvarpinu er þó lítil sem engin áhersla lögð á þetta markmið, þvert á móti er aðaláhersla lögð á ræktaða skóga og framandi trjátegundir. Tengingu við náttúruverndarlög nr. 60/2013 vantar nær alveg. Það er t.d. athyglisvert að hvergi er athygli vakin á 2. og 3. gr. náttúruverndarlaganna um markmið, en ýmis ákvæði frumvarpsins ganga gegn markmiðssetningu þeirra laga.

Óljóst er hvað átt er við með orðunum „að stuðla að sjálfbærni í skógarstjórnun“ í c. lið 1. gr. frumvarpsins.

Í d. lið 1. gr. frumvarpsins um markmið segir að *undirbúningur* skógræktar skuli vera í samræmi við skipulag og náttúruvernd og „sé aðlöguð landslagi“. Hér ætti að sleppa orðinu *undirbúningur*, en kveða á um að skógrækt skuli vera í samræmi við samþykktar skipulagsáætlanir og náttúruverndarlög og aðlöguð landslagi.

Hugtakið „grisjun“ kemur fyrir á tveimur stöðum, í 1. setningu 20. gr. frumvarpsins og í d. lið 3. gr. um orðskýringar. Orðið *grisjun* er auðskilið og þarfnast ekki skýringar. Orðskýringin í d. lið 3. gr. er bæði óþörf og illskiljanleg. Þar segir að grisjun „feli í sér stakfellingu trjáa í skógi áður en þau hafa náð þeim aldri sem ætlað er að þau nái við lokafellingu,...“ Orðið *stakfelling* er ekki útskýrt frekar (orðið er þó ekki til í íslenski orðabók eða í orða- og málfarsbönkum Árnastofnunar), en ástæða þykir til að útskýra orðið *lokafelling*, sem kemur þó hvergi fyrir í frumvarpinu nema í skýringunni á orðinu *grisjun*. Það er útskýrt í e. lið 3. gr. frumvarpsins enda ekki vanþörf á þar sem það finnst hvorki í íslenski orðabók né orða- og málfarsbönkum Árnastofnunar.

Í a. lið 3. gr. um orðskýringar er orðið *birkiskóglendi* útskýrt, en það er ekki notað í texta frumvarpsins nema á einum stað, 2. mgr. 10. gr. þar sem segir að Skógræktinni sé „heimil umferð um alla skóga og *birkiskóglendi* til mælinga og úttekta“.

Í g. lið 3. gr. frumvarpsins er orðið *nytjaskógur* útskýrt, en það orð er hvergi notað í frumvarpstextanum. Óþarfi að setja í orðskýringar laga útskýringu á orði, sem eingöngu er notað í greinargerð með frumvarpinu.

Í h. lið 3. gr. frumvarpsins segir að ræktunaráætlun innihaldi m.a. greiningu lands eftir *gróðurhverfum*. Þetta hugtak, *gróðurhverfi*, er að finna í gömlu gróðurflokkunarkerfi Steindórs Steindórssonar (sjá Steindór Steindórsson 1964. Gróður á Íslandi. Almenna bókafélagið). Samvbærilegt hugtak í opinberu gróðurflokkunarkerfi Náttúrufræðistofnunar Íslands, sem notað er við gerð gróðurkorta, er *gróðurfélög* (sjá ni.is). Í ræktunaráætlun ætti ekki eingöngu að greina land í gróðurfélög heldur einnig í vistgerðir.

Skilgreiningin á hugtakinu *sjálfbær nýting skóga* í i. lið 3. gr. frumvarpsins er mjög klúðursleg og á ekki heima í einni mjög langri setningu. Margt í skilgreiningunni er illskiljanlegt, t.d. er óljóst hvað átt er við með orðunum „*viðeigandi vistfræðilega*“. Óljóst líka hvað átt er við með síðustu tveimur orðunum „*önnur gæði*“. Er t.d. átt við mikilvæg búsvæði dýra og plantna? Er verið að vísa til náttúruverndarlaga?

Í n. lið 3. gr. um orðskýringar er orðið þjóðskógur skilgreint: „Skógur í umsón Skógræktarinnar, hvort heldur sem er á landi í eigu ríkisins eða á landi í einkaeign“. Þessi skilgreining er ekki í samræmi við 1. setningu 11. gr. frumvarpsins, en þar segir: „Þjóðskógar eru **þau lönd** og skógar sem eru í umsón Skógræktarinnar“ (feitletrun NÍ).

Orðalag f. liðar 6. gr. frumvarpsins um landsáætlun í skógrækt er einkennilegt. Þar segir að í landsáætlun eigi að gera grein fyrir „hlutverki skógræktar við að vinna gegn...aðlögun trjáa og skóga í ljósi loftlagsbreytinga“. Skrítið að kveða á í lögum um skyldu til að vinna gegn aðlögun lífríkis að loftslagsbreytingum. Er á skjön við markmið laganna, sbr. f. lið 1. gr. um markmið.

Skv. h. lið 6. gr. ber að gera grein fyrir „vöktun á ástandi og nýtingu skóga“ í landsáætluninni. Er átt við vöktun eða eftirlit, sbr. 74. og 75. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013? Eftirlit er væntanlega það sem við er átt.

Í síðust mgr. 6. gr. frumvarpsins segir m.a. að leita skuli umsagna um drög að landsáætlun í skógrækt hjá „viðeigandi stofnunum“. Hvaða stofnanir eru þetta? Skýrara að nefna þær í lagatexta.

Öll felling skóga eða hluta þeirra, þ.m.t. grisjun, er óheimil nema með leyfi skógræktarinnar skv. 20. gr. frumvarpsins. Hér er gengið of langt í forsjárhyggju að mati Náttúrufræðistofnunar þar sem ákvæðið tekur jafnt til ræktaðra skóga og náttúrlegra skóga. Það er of langt gengið að setja í lög að landeigandi sem hefur ræktað lítinn skóg (0,5 ha) til nytja eða sér til ánægju þurfi leyfi Skógræktarinnar til að grisja hann eða fella stök tré.

Sama er að segja um ákvæði 21. gr. frumvarpsins þar sem verið er að setja of mikla vernd á ræktaða skóga og of miklar kvaðir hvað varðar endurheimt ræktaðra skóga með framandi tegundum. Í frumvarpinu er reyndar gerður lítil sem enginn munur á t.d. náttúrlegum birkiskógum og ræktuðum greni- eða fururskógum.

Það er hvergi tekið á ábyrgð á þeim vanda sem upp kemur þegar ræktaðir skógar fara að sá sér í nærliggjandi land sem er í eigu annarra sem vilja ekki trjágróður. Sama á við um aðrar plöntur sem notaðar eru við skógrækt, svo sem lúpínu. Hver kemur til með að bera kostnað af upprætingu slíkra plantna. Þetta á ekki eingöngu við lönd í einkaeign heldur einnig land í opinberri eign, friðlönd og jarðmyndanir og vistkerfi sem njóta sérstakrar verndar skv. náttúruverndarlögum. Þessi hætta snertir líka mikilvæg búsvæði plantna og dýra og verðmætar vistgerðir. Það þarf að setja ákvæði um þetta í skógræktarlög þar sem hér er um raunverulegan vanda að ræða, sem á eftir að aukast með vaxandi skógrækt.

Frumvarpið er greinilega unnið í flýti, en í því eru of margar málvillur, sem hefði átt að laga áður en það var sett fram opinberlega.

Jón Gunnar Ottósson